

Samsýning Félags íslenzkra myndlistarmanna opnuð í Listamannaskálanum í dag

Mikil þörf á nýjum sýningarskála.

FÉLAG íslenzkra myndlistarmanna opnar í dag sýningu í Listamannaskálanum. Nefnist hún Almenna listsýningin, þar sem mönnum var gefinn kostur á að senda inn myndir, hvort sem þeir eru félagsmenn eða ekki. Sýningin er fjölbreytt, en sýnd eru alls 84 verk, eftir 25 listamenn, 29 málara og 6 myndhöggvara. Verkin greinast þannig, að á sýningunni eru 44 málverk, 14 höggmyndir, 7 vatnslitamyndir, 7 gouache-myndir, 7 teikningar, 3 málverk á gler og 3 flosófin teppi. Á sýningunni eru bæði abstrakt og náttúralistiskar myndir.

Fjórir listamenn, sem taka þátt í þessari sýningu hafa ekki sýnt á samsýningum félagsins áður. Síðasta samsýning félagsins var haldin árið 1955. En það hefur lengi vakað fyrir forræða mönnum þess, að gera þessar sýningar að árlegum viðburði, þar sem fram kæmi þverskurður þess bezta, sem framleitt hefur verið á liðnu ári í myndlist, þar sem eldri menn sýndu sín meistaraverk og ungir

menn kæmu fram í fyrsta skipti.

Magnús Á. Arnason listmálari ræddi við fréttamenn í gær í tilefni þessarar sýningar. Sagði hann m. a.:

„Við höfum að visu engan listahaskóla ennþá, en það er samt engin ástæða til að við höldum ekki árlega almenna listsýningu eins og á sér stað í öllum menningarborgum. Þörfin fyrir það er orðin enn brýnni vegna þess, hvað það er dýrt að halda sýningu í Reykjavík, svo dýrt, að það er orðið fjárhagslegt áhættuspil jafnvel fyrir vel þekkta listamenn. Rýmið er að visu takmarkað í þessum gamla skála okkar, því listamönnum fjölga með hverju árinu sem líður. Auk þess er skálinn á fallanda fæti. Nú er það næsta og stærsta viðfangsefni félags okkar og annarra listamanna, að koma upp vönduðum og varanlegum sýningarskála, sem við höfum hugsað okkur allt að því 2—3 sinnum stærri en þessi er. Þegar að því kemur væntum við fastlega öflugstu stuðnings ríkis og bæjar og alls almennings. Þegar sá skáli er risinn af grunni, vonum við að þessar sýningar okkar geti orðið að árlegum viðburði, sem eigi sinn drjúga skerf í menningarlífi landsins.“

Sýningin verður opnuð á morgun klukkan tvö fyrir boðsgesti okkar og klukkan fimm fyrir almenning. Verður hún opin til 18. þ. m. Flestar myndanna eru til sölu.

Sýningarnefnd Félags íslenzkra myndlistarmanna skipa málaramennir Hjörleifur Sigurðsson, Jóhannes Jóhannesson, Karl Kvaran, Sigurður Sigurðsson og Þorvaldur Skúlason, sem er formaður nefndarinnar; og myndhöggvararnir Ásmundur Sveinsson, Magnús Á. Árnason og Sigurjón Ólafsson.

Samkomulag um viðhorfin til Sovétríkjanna.

STRASSBORG, föstudag. (NTB.) Ráðgjafanefnd Evrópuráðsins náði algeru samkomulagi um viðhorf vestrænna þjóða gagnvart Sovétríkjunum. Náði samkomulagið bæði til afvopnunar málsins og skilyrða fyrir fundi forustumanna stórveldanna. Nokkurn skoðanamun mátti þó finna, aðallega varðandi það, hvort það skyldi vera skilyrði fyrir fundi forustumanna, að sameining Þýskalands yrði sett á dagskrá.

Myndlistarsýning.

MYNDLISTARSÝNING

Ásgerðar Esterar Búadóttur og Benedikt Gunnarssonar í Sýningarsalnum við Ingólfsstræti, sem ljúka átti þ. 1. maí, hefur nú verið framlengd vegna mikillar aðsóknar til sunnudagskvölds. Opin daglega frá 2—10 e. h.

Áburðarverksmiðjan sparaði þjóðarþúinu 37.5 millj. sl. ár

Unnið enn að fosfatverksmiðjumálinu.

AÐALFUNDUR Áburðarverksmiðjunnar h.f. var haldinn í Gufunesi þriðjudaginn 29. apríl s.l. Fundarstjóri var Vilhjálmur Þór, bankastjóri og fundarritari, Pétur Gunnarsson, tilraunastjóri. Fundurinn var vel sóttur og sátu hann hluthafar og umboðsmenn hluthafa fyrir 97 prc. af hlutafé verksmiðjunnar. Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri mætti á fundinum fyrir hönd ríkissjóðs í forföllum forsætis og landbúnaðarráðherra.

Stjórnarformaður verksmiðjunnar, Vilhjálmur Þór, flutti ytarlega skýrslu stjórnarinnar um rekstur og afkomu fyrirtækis fyrst að afköst verksmiðjunnar fyrst að afköstverksmiðjunnar á árinu 1957 hefðu orðið 19971 smálestir Kjarnaáburðar, en það væri 1263 smálestum minna en afköst næsta árs á undan og að minnkuð afköst stöfuðu af skorti á raforku. Þrátt fyrir minnkuð afköst hefði rekstrinum þó farnast svo vel á árinu, að rekstursútkoman væri aðeins um 600 000 kr. lakari en ársins þar á undan. Að útkoman væri ekki lakari þakkaði hann einkum því að niður hefðu verið felldir nokkrir tollar af rekstursvörum verksmiðjunnar til samræmis við innfluttan áburð, svo og árveki og alúð í starfi þeirra, er við verksmiðjuna vinna. Flutti hann þakki stjórnarinnar til allra starfsmanna og starfshópa verksmiðjunnar fyrir þátt þeirra í rekstursárangri ársins. Þá gat formaður þess að verksmiðjan hefði fengið sem næst 10% meiri orku á árinu en útlit var fyrir í upphafi ársins og þakkaði hann stjórnendum Sögsvirkjunarinnar fyrir að svo vel tókst til.

TEKJUAFGANGUR 1,8 MILLJ. KR.

Niðurstöður rekstursreikninga sýna að þegar eignir fyrirtækisins höfðu verið afskrifaðar

Einni mestu aflahrotu, sem komið hefur í Stykkishólmi er nýlega lokið

Mestur afli í róðri 36 tonn. - Aflahæsti báturinn kominn með 750 tonn.

Fregn til Alþýðublaðsins.

Stykkishólmi í gær.

EINHVERRI mestu aflahrotu, sem komið hefur hér á Stykkishólmi, er nú nýlengi. Aflinn hefur komið upp í 36 tonn í róðri, og fyrir hefur komið, að bátarnir fimm, sem hédan eru gerðir út, hafi komið með samtals 100 tonn á dag.

Skammt hefur verið að sækja, óvenjulega skammt, ekki nema tveggja stunda sjóferð. Veitt hefur verið í net. Aflahæsti báturinn fékk í apríl alls 352 tonn. Það er Tjaldur, sem alls hefur fengið á vertíðinni 750 tonn í 74 róðrum. Næstur er Brimnes með 640 tonn í 69 róðrum.

MIKIL ATVINNA

Atvinna hefur verið feiknar mikil við aflann, einkum þegar togarinn hefur líka verið inni. Þá hafa flestar húsmæður, farið í vinnu og verzlunarmenn jafnvel komið dag og dag. —

Alvarlegt umferðarslys

ALVARLEGT umferðarslys varð aðfaranótt 1. maí á Suðurlandsbraut. Maður, á litlum fólksbíl ók framan undir strætisvagn. Ók hann á öfugum kant í vegarins, og gat strætisvagnstjórinn ekki forðað slysinu, þótt hann reyndi, og strætisvagninn væri alveg kominn að því að stöðvast, er áreksturinn varð.

Litli bílinn brotnaði mikið að framan hægra megin og maðurinn lærbrotnaði, höfuðkúpu brotnaði, særðist í andlit og auk þess brákaðist brjóstkassinn. Maðurinn heitir Andrés Guðjónsson, Eikjuvogi 26. Hann var fluttur á Landspítalinn og var líðan hans eftir vonum í gær.

Kvenstúdentar elna til kaffisölu.

KVENSTÚDENTAFÉLAG ÍSLANDS efnir til kaffisölu í Sjálfstæðishúsinu á morgun til þess að afla fjárr fyrir styrk handa íslenskri konu til náms erlendis.

Félagið hefur áður veitt slíka styrki.

Mikil þátttaka í kosningum í Suður-Kóreu.

SEOUL, föstudag (NTB—AFP). Það var metþátttaka í kosningunum í Suður-Kóreu í dag eða 90%. Um það bil 10 milljónir manna hafa kosningarrétt í landinu og kosið er um 233 þingsæti.

Stjórnarandstöðublað í Seoul hélt því fram, að á morgun stöðum hefði komið til óeirða við kosningarnar, en opinber tilkynning frá lögreglunni segir, að ekki hafi komið til alvarlegra átaka.

Tveir þýzkir óperusöngvarar koma fram á tónleikum ríkisútvarpsins í Þjóðleikhúsinu á morgun kl. 16.

Í GÆR komu hingað til lands tveir óperusöngvarar frá Vestur-Þýskalandi. Söngvarar þessir eru hér fyrir milligöngu þýzka sendiráðsins, en á morgun munu þeir koma fram á tónleikum útvarpshljómsveitarinnar í Þjóðleikhúsinu kl. 16. Auk þeirra syngja þau Guðrún Á. Símonar og Guðmundur Jónsson á tónleikunum.

Gjaldeyrisaðstaða Brela barnar.

LONDON, föstudag. Gull- og dollaraforði Bretlands jókst um 144 milljónir dollara í marz, til kynnti fjármálaráðuneytið í dag.

Hinir þýzku söngvarar eru Kerstin Anderson, sópran, og Julius Katona, tenor. Ræddu þau við blaðamenn í gær skömmu eftir komuna, svo og Hans-Joachim Wunderlich, er stjórnar tónleikunum, og Fritz Weissappel.

EFNISSKRÁIN

Á fyrri hluta efnisskrárinnar eru ariur og tvisöngvar úr óperum, svo sem „Othello“, „Car men“, „Aida“, „Rigoletto“ og „Cavalleria Rusticana“. Á síðari hluta efnisskrárinnar eru lög úr óperettum, t. d. „Leðurblökunni“, „Galathea fögru“, „Giuditu“, „Betlistudentinum“ og „Paganini“. — Anderson og Katona eru bæði þekktir söngvarar, er sungið hafa við þýzku Framhald á 2. síðu.